

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, sbr. 124
l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, og birtist til eftirbreytni öll- 12. okt.
um þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð frú Camillu Torfa- 125
son“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 14. okt. 1954. 14. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð frú Camillu Torfason.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður frú Camillu Torfason. Hann er eign Kvenfélagsins Ósk á Ísafirði, og útnefnir félagið sjóðnum sérstaka stjórn.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Jóhönnu Magnúsdóttur, apótekara, til minningar um móður hennar, frú Thoru Petrínu Camillu Torfason, f. 10. okt. 1864, stofnanda Kvenfélagsins Ósk á Ísafirði og formanns sama félags árin 1907—1914. En Kvenfélagið Ósk stofnaði Húsmæðraskólann Ósk á Ísafirði árið 1912.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að verðlauna nemanda eða nemendur húsmæðraskólans, er skara fram úr í námsgreinum skólans og þrúðmannlegu dagfari.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er verðbréf að upphæð kr. 16000.00 — sextán þúsund krónur —, skráð á nafn hans. Gjafafé, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn og auk þess a. m. k. einn fjórða hluta ársvaxta. Höfuðstólinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, í bankavaxtabréfum eða öðrum jafngildum verðbréfum.

5. gr.

Allt að þremur fjórðu hlutum ársvaxta skal varið til kaupa á verðlaunagrip eða verðlaunagripum, sem helzt skulu vera silfurskeið eða silfurskeiðar með áletrun. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi má afhenda nokkurn hluta verðlaunanna í peningum. Verðlaunaskírteini undirrituð af skólastjóra fylgi verðlaununum. Verðlaunin skal veita í lok hvers skólaárs, samkvæmt tillögum skólastjóra og kennara húsmæðraskólans, og skal formaður Kvenfélagsins Ósk afhenda þau við skólauppsögn.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins hefur með höndum stjórn og reikningshald og birtir reikninga með skólaskýrslum húsmæðraskólans, sömu-

125 leiðis annast kvenfélagið árlega endurskoðun á reikningum sjóðsins. Halda skal sér-
14. okt. staka gerðabók og skrá í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir og sjóðreikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. október 1954.

Jóhanna Magnúsdóttir.

126

15. okt.

REGLUGERÐ

fyrir kvöldskóla K. F. U. M. í Reykjavík.

1. gr.

Skólinn heitir Kvöldskóli K. F. U. M. Hann er eign K. F. U. M. í Reykjavík og starfar sem deild í félaginu undir stjórn 5 manna skólanefndar. Hann nýtur einskis styrks af opinberu fé.

2. gr.

Skólinn er stofnaður árið 1921 af séra Friðriki Friðrikssyni, framkvæmdastjóra K. F. U. M. Hann starfar á kristilegum grundvelli, og er markmið hans að veita því fólki, er þess óskar, gagnlega fræðslu samhliða atvinnu þess.

3. gr.

Skólinn er tveggja ára samskóli kvenna og karla og starfar frá 1. október til síðasta vetrardags.

4. gr.

Einskis inntökuprófs er krafizt, en skólavist geta hlotið að lokinni læknis-
skoðun siðprúðir nemendur, er lokið hafa lögboðnu skyldunámi. Einnig er heimilt
að taka í skólann nemendur, er lokið hafa námi 1. bekkjar gagnfræðastigs. Að
loknu burtfararprófi úr Kvöldskóla K. F. U. M. hafa þeir nemendur fullnægt skyldu-
námi sínu, enda fari kennsla í skólanum fram samkvæmt námsskrá, er fræðslu-
málastjórn samþykkir.

5. gr.

Námsgreinar eru: Kristin fræði, íslenzka, íslenzk bókmenntasaga, upplestur,
danska, enska, reikningur, bókfærsla og handavinna. Námsgreinum má fjölga eftir
því, sem ástæður leyfa.

6. gr.

Próf skulu haldin í aprílmánuði. Nefnist próf upp úr yngri deild árspróf, en
upp úr eldri deild burtfararpróf. Einkunnir skulu gefnar frá 0 og upp í 10, og þarf
nemandi að fá 5 í meðaleinkunn til að standast próf. Í handavinnu skal prófeinkunn
gefin fyrir vetrarvinnu nemenda.

7. gr.

Leyfi skulu vera þessi: 1. desember, 20. desember til 6. janúar, að báðum dög-
um meðtöldum, öskudagur, skírdagur til 2. páskadags, að báðum dögum meðtöldum.